



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Laufásborg

2025 - 2026





Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.





Efnisyfirlit

1 Greinargerð	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	5
3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026	8
4 Innra mat kjarna fyrir skólaárið 2024-2025	12
5 Umbótaáætlun 2024-2025	14
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.	16
7 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva stutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.	16
8 Foreldrasamvinna	16
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	18
Fylgiskjöl	18





1 Greinargerð

Á Laufásborg einkennast leik- og starfshættir af jafnræði og samábyrgð. Við leggjum áherslu á að leysa mál í rauntíma með beinum samskiptum. Öflug stoðþjónusta styður barnastarfið og persónuleg tengsl hópstjóra við foreldra er kjarninn í góðu upplýsingaflæði. Við notum rafræn samskiptaforrit til að tryggja að upplýsingar berist hratt og örugglega [fylgiskjal 1 - Jafnræði og hópakerfi](#), [fylgiskjal 2- Agi og hegðunarkennsla](#)

Góð samvinna við foreldra og regluleg skráning hópastarfs er lykillinn að markvissu starfi, þar sem gleði, kærleikur og félagsfærni liggja til grundvallar. Starfsfólkskönnun skólaársins 2024–2025 leiddi í ljós mikla starfsánægju. Starfsfólk upplifir skýrar væntingar í starfi, góða stjórnun og jákvæðan starfsanda. Fjölskyldukönnun skólaársins 2024–2025 skilaði 90% svörun og hlaut skólinn meðaleinkunnina 9,8 af 10. Allir foreldrar sem svöruðu sögðust myndu mæla með leikskólanum við aðra [fylgiskjal 3 - Starfsfólkskönnun Laufásborgar skólaárið 2024-2025](#), [fylgiskjal 4 - Fjölskyldukönnun Laufásborgar skólaárið 2024-2025](#).

Markmið okkar fyrir skólaárið 2025–2026 er að viðhalda þeim gæðum sem við höfum unnið markvisst að undanfarin ár. Nálgun okkar á Laufásborg byggir á megináherslum Menntastefnu Reykjavíkur til 2030: að efla lýðræði, sjálfræði, sköpun og félagsfærni barna með þátttöku þeirra í eigin námi og daglegu starfi leikskólans. Við höldum áfram að efla samstarf við foreldra og styðjast við bæklinginn „Velkomin á Laufásborg“ [fylgiskjal 8 - Velkomin á Laufásborg](#) sem lýsir starfsháttum okkar, viðhorfum og skipulagi [fylgiskjal 5 - Viðhengi við Greinargerð](#).

[fylgiskjal 6 - Laufásborg í máli og myndum](#)

[fylgiskjal 7 - Heimsókn forseta Íslands á Laufásborg](#)





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat

Hvað var metið?	Hópastarf á Laufásborg
Hvernig fór matið fram?	Dagskrá skólans er eins alla daga ársins með val- og hópatíma til skiptis. Tveir hópatímar á dag eru skráðir og er allt starf í þeim hópatímum skráð á þar til gerð eyðublöð sem hanga í fataklefa hvers kjarna. Öllum blöðunum er haldið til haga og safnað saman yfir skólaárið. Við erum alltaf á tánum, við störfum á gólfinu og fylgjumst vel með hópastarfinu og þeim framförum sem hver og einn hópur tekur og bregðumst hratt og vel við á lausnamiðaðan hátt ef hópur þarf aðstoð eða ef gera þarf uppbyggilegar og farsælar breytingar.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Hópstýrur og hópstjórar. Hópablöðin hanga uppi í fataklefa hvers kjarna, fjölskyldur barna geta lesið á hverjum degi og við hvetjum alltaf foreldra til að leita til okkar ef það er eitthvað varðandi hópastarfið sem foreldrum / fjölskyldum barnanna liggur á hjarta. Í lok vikunnar hafa hópstýrur og hópstjórar stundum sent fjölskyldum mynd af hópablöðum vikunnar. Fjölskyldur eru því vel upplýstar um allt hópastarf barnsins síns / barnanna sinna.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Við erum á góðri siglingu, það er gott jafnvægi milli hreyfingar og félagsfærni- og þroskaörvunar í gegnum leik og söng, kjark- og nálægðaræfingar. Allir hópar fara í blöndun nokkrum sinnum í viku þar sem kynin hittast á jafnréttisgrundvelli. Heilt yfir gengur hópstýrum og hópstjórum mjög vel að byggja upp heilbrigði í hóp með því að beita á kærleiksríkan hátt aga- og hegðunarkennslu á sama tíma og hverju og einu barni er mætt þar sem það er statt.

Hvað var metið?	Valtímar á Laufásborg
Hvernig fór matið fram?	Dagskrá skólans er eins alla daga ársins með val- og hópatíma til skiptis. Það eru fjórir valtímar á dag en fyrsti valtíminn er ekki skráður þar sem hann er í upphafi dags og þar sem það er mismunandi hvenær börn mæta í skólann að þá velja börnin úr þeim svæðum sem eru í boði þegar þau mæta. Það eru haldnir þrír lýðræðislegir valfundir á hverjum degi á Laufásborg dag og allt val hvers barns á Laufásborg er því skráð, þrisvar yfir hvern dag alla skóladaga ársins. Valið er lýðræðislegt, gegnsætt og sanngjarnt þar sem börnin skiptast á að byrja að velja og fjöldi barna á innisvæðum er alltaf slétt tala og fjöldi svæða er alltaf sýnilegur í upphafi hvers valfundar.





Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Valfundirnir eru okkur heilagir. Þeir ganga hratt fyrir sig en fylgja ströngustu reglum og hefðum. Starfsfólk hvers kjarna er vel vakandi og gætir þess að sanngirni og lýðræði sé virt á hverjum valfundi, skipulagið er einfalt og skýrt og nákvæmni hverja stund á hverjum degi er okkar leið til árangurs. Börnin fylgjast grannt með hverjum valfundi, það ríkir þögn, þau sitja kyrr og kjörnuð á sínu plássi í hringnum og þau benda kennaranum sem stjórnar valfundinum á ef kennarinn ruglast. Allar fjölskyldur fá samantekt á vali hvers mánaðar sent við lok mánaðarins og geta komið at
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Allt er samkvæmt bókinni. Þessi þátttaka barna í eigin vali styður við markmið menntastefnunnar um að börn upplifi lýðræði og hafi áhrif á eigin leik og nám.

Hvað var metið?	Allt barnastarf sem fer fram í hópa- og valtímum
Hvernig fór matið fram?	Hópatímar eru skráðir á þar til gerð eyðublöð sem hanga í fataklefa hvers kjarna og eru öllum sýnileg og allir þrír valfundir hvers dags, alla daga skólaársins, eru skráðir
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk, börn og fjölskyldur þeirra
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Við erum á réttri leið

Ytra mat

Hvað var metið?	Líðan foreldra/fjölskyldna barna á Laufásborg með skólann skólaárið 2024-2025
Hvernig fór matið fram?	Fjölskyldukönnun Laufásborgar fyrir skólaárið 2024-2025 - könnunin var framkvæmd á netinu, send á öll netföng foreldra barna á Laufásborg á tímabilinu 17. mars til 10. apríl 2025
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Fjölskyldur á Laufásborg - svörunin var mjög góð og vel marktæk (89% svörun).
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Laufásborg hlaut meðaleinkunnina 9,8 af 10 mögulegum. Foreldrar voru einróma í því að mæla með leikskólanum (fylgiskjal 4 - Fjölskyldukönnun Laufásborgar skólaárið 2024-2025).

Hvað var metið?	Líðan starfsfólks á Laufásborg með starfið sitt, stjórnun skólans og starfsandann
Hvernig fór matið fram?	Starfsfólkskönnun Laufásborgar var lögð fyrir allt starfsfólk skólans - sendur var spurningalisti á netföng starfsfólks





Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk Laufásborgar - svörun var mjög góð en 26 af 27 svöruðu könnuninni. Niðurstöður voru því vel marktækar.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Könnunin kom afar vel út og í raun gæti starfsfólk Laufásborgar varla verið ánægðara með sinn vinnustað, það er skýrt til hvers er ætlast í starfi, stjórnun skólans er góð og starfsandinn er góður (fylgiskjal 3 - Starfsfólkskönnun Laufásborgar skólaárið 2024-2025).

Hvað var matið?	Þörf foreldra fyrir vettvang til að koma ábendingum á framfæri í rauntíma - nafnlaust ef þess er óskað
Hvernig fór matið fram?	Google DOCS skjal (fylgiskjal 9 - Skrá þakklæti og umbætur).
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar á Laufásborg
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Verkefnið var heiðarleg tilraun til að bæta upplýsingaflæði í rauntíma og skapa vettvang fyrir ábendingar. Foreldrum gafst kostur á að koma með athugasemdir, þakkir eða umbótapunkta, nafnlaust ef þeir óskuðu. Skjalinu var vel tekið og nýtt af hluta foreldrahópsins. Við bregðumst alltaf strax við og teljum mikilvægt að leysa mál þegar þau koma upp, ekki eftir á.





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur-innra mat	STJÓRNUN
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Kynning á nýju starfsfólki
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að fjölskyldur á Laufásborg upplifi sig alltaf vel upplýstar varðandi nýtt starfsfólk á Laufásborg
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk er kynnt á töflu hvers kjarna og sendur er póstur til fjölskyldna barna á Laufásborg þar sem nýtt starfsfólk er kynnt
Ábyrgð	Starfsfólk hvers kjarna og leikskólastýra Laufásborgar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2025-2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fjölskyldukönnun Laufásborgar 2025-2026
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að fjölskyldur á Laufásborg upplifi sig vel upplýstar varðandi nýtt starfsfólk á Laufásborg

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur-innra mat	Uppeldis- og menntastarf
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Kynna betur fyrir fjölskyldum Laufásborgar hversu lýðræðislegt barnastarfið á Laufásborg er
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að fjölskyldur á Laufásborg hafi skilning á lýðræðislegum aðferðum skólans í barnastarfi
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Kynna fyrir fjölskyldum á hvaða hátt barnastarfið okkar í gegnum val- og hópatíma er lýðræðislegt og að dagskráin okkar sé eins alla daga ársins og því detta lýðræðisleg vinnubrögð aldrei upp fyrir. Hægt er að vera með meiri fræðslu fyrir börnin, gera þeim betur grein fyrir því á hvaða hátt þau hafa áhrif á sinn leikskóladag, kynna það fyrir nýjum foreldrum að vori, kynna á örfundum sem eru opnir fyrir alla foreldra skólans og boðið er upp á tvisvar á skólaári, hafa fræðslu í pósti, hópstýrur og hópstjórar geta tekið það fram á hópabliðunum hvað var gert í hópatímanum sem var lýðræðislegt og geta sent fjölskyldum línu/fræðslu um lýðræðisleg vinnubrögð í hópatíma á þeim samskiptamiðli þar sem allir foreldrar





	barnanna eru tengdir, afhenda öllum fjölskyldum bæklinginn okkar Velkomin á Laufásborg.
Ábyrgð	Starfsfólk skólans og leikskólastýra Laufásborgar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið 2025-2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Næsta fjölskyldukönnun Laufásborgar vorið 2026 þar sem fjölskyldur meta skólaárið 2025-2026 og spyrja elstu börn skólans, kanna þeirra skilning á lýðræðislegum starfsháttum skólans
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að allar fjölskyldur Laufásborgar hafi skilning á því á hvaða hátt barnastarfið á Laufásborg er lýðræðislegt - mun koma fram í næstu fjölskyldukönnun Laufásborgar

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur-innra mat	Uppeldis- og menntastarf
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Að hafa gegnsærra skipulag varðandi það að allar hópstýrur og allir hópstjórar hafi sent foreldrum barna í sínum hópi val mánaðarins, auka þarf yfirsýnina og að við séum öll meðvituð um okkar hlutverk og þeirra sem eru með okkur á kjarna.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Skipulag skólaársins 2024-2025 varðandi að deila valinu með foreldrum var í okkar anda, einfalt og boðleiðin stutt. Hópstýrur og hópstjórar sendu foreldrum barna í sínum hópi val mánaðarins í gegnum það samskiptaforrit sem hópstýra / hópstjóri og foreldrar hópsins nota. Á yngri kjörnunum fengu sumir foreldrar ekki val síns barns sent þar sem börnin voru enn að æfa sig á valsvæðum, byggja upp þol og læra á efniviðinn. Börn á yngri kjörnunum fá aðstoð við að velja svæði og fá að skipta um svæði ef þörf er á því. Stefnan er að ALLIR FORELDRAR allra barna fái val barnsins síns síðasta mánaðar sent í upphafi næsta mánaðar á eftir, það á bæði við um foreldra eldri og yngri kjarna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Setja upp einfalt og gegnsætt skipulag til að auka yfirsýn varðandi hvort allar hópstýrur og allir hópstjórar hafi sent foreldrum barna í sínum hópi val síðasta mánaðar
Ábyrgð	Starfsfólk hvers kjarna og leikskólastýra
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2025-2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Við getum tryggt að allir foreldrar fái val síðasta mánaðar sent en svo er það alltaf mannlegi þátturinn, foreldrar ungra barna eru sá hópur samfélagsins sem eru undir hvað mestu álagi og við sýnum því fullan skilning að sumir foreldrar munu missa af þessum upplýsingum og opna ekki valið. Okkar hlutverk er að gæta þess að okkar skipulag sé í





	lagi og skilað öllum upplýsingum sem okkur ber að skila og minnt foreldra reglulega á að valið sé komið. Foreldrar munu meta í næstu fjölskyldukönnun Laufásborgar, það er fyrir skólaárið 2025-2026, hvort þeir hafi alltaf fengið valið sent.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að sem flestir foreldrar barna á Laufásborg, helst allir, meti það sem svo að þeir hafi fengið valið sent um hver mánaðarmót síðasta skólaár

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur-innra mat	Stjórnun
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Að foreldrar barna á Laufásborg hafi greiðan aðgang að öllum þeim helstu praktísku upplýsingum er varða skóladag barnsins eins og hvar matseðilinn er að finna og svo framvegis
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að praktískar upplýsingar er varða skóladag barna á Laufásborg séu fjölskyldum þeirra alltaf aðgengilegar
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Uppfæra heimasíðu skólans, í fyrsta lagi tryggja að allar helstu praktísku upplýsingar séu sýnilegar á heimasíðu skólans og í öðru lagi að bæklingurinn "Velkomin á Laufásborg" er orðin aðgengilegur á heimasíðu skólans. Einnig væri gagnlegt fyrir alla foreldra barna á Laufásborg, ekki bara nýja foreldra, að fá bæklinginn "Velkomin á Laufásborg" afhentan
Ábyrgð	Starfsfólk hvers kjarna og leikskólastýra Laufásborgar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2025-2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Í fjölskyldukönnun Laufásborgar 2025-2026 mun koma í ljós hvort ofangreindar aðgerðir hafi borið tilskildan árangur
Viðmið um árangur - Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að foreldrar barna á Laufásborg upplifi sig vel upplýsta varðandi allar þær helstu praktísku upplýsingar er varða skóladag barnsins eins og hvar matseðilinn er að finna og svo framvegis

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur-innra mat	Mannauður
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Upplýsa starfsfólk skólans betur er varðar nálgun okkar og viðhorf í starfi og hvaða áhrif til að mynda fjármagn frá borginni hefur á starfið okkar





Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að starfsfólk upplifi sig vel upplýst er varðar praktísk atriði eins og hvernig undirbúningstímar nýtast okkur
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Næsta skólaár, 2025-2026, verða starfsfólksfundir reglulega, u.þ.b. einu sinni í mánuði, þar sem farið verður í helstu atriði er varða starfshætti og praktískar upplýsingar
Ábyrgð	Leikskólastýra Laufásborgar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2025-2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á hverjum starfsfólksfundi og í næstu starfsfólkskönnun
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að starfsfólk upplifi sig vel upplýst er varðar starfshætti, nálgun og viðhorf í starfi, og ýmsar praktískar upplýsingar





4 Innra mat kjarna fyrir skólaárið 2024-2025

Við höfum markvisst styrkt tengsl heimilis og skóla með persónulegri tengingu milli hópstjóra og foreldra hvers barns. Sérstækur samskiptahópur tryggir reglulegt og skilvirkt flæði upplýsinga. Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við hópstjóra eða leikskólastýru hvenær sem þeim liggur eitthvað á hjarta – jafnvel utan hefðbundins vinnutíma. Við höfum gefið út vandaðan bækling, „Velkomin á Laufásborg“, sem nú þýðar sem handbók skólans fyrir bæði nýja og núverandi foreldra og starfsfólk. Aðgengi foreldra að upplýsingum og tengsl við starfsfólk endurspegla markmið menntastefnunnar um lýðræðislegt og gagnsætt skólasamfélag. Stefnt er að því að afhenda hann öllum foreldrum og gera hann aðgengilegan á heimasíðu skólans.

Tvö örnámskeið fyrir foreldra voru haldin með góðri þátttöku og líflegum umræðum. Þau verða endurtekin næsta skólaár – eitt á haustönn og eitt á vorönn – með það að markmiði að efla skilning og þátttöku foreldra í starfi leikskólans.

Við höfum veitt öllum hópum daglega uppbótarvinnu og dýpkað fræðslu um kynjajafnrétti, sérstaklega með áherslu á að styrkja stúlkur í sjálfstrausti og félagsfærni. Kennarar unnu í umræðuhópum og tóku saman aðgerðir til að efla þátttöku og sýnileika stúlkna.

Hrós- og þakklætiskort eru notuð daglega til að efla jákvætt viðhorf, sjálfstraust og samskipti barna. Kortin eru einnig í boði fyrir fjölskyldur og ágóði rennur til skákstarfs skólans.

Við höfum dýpkað leiðsögn og handleiðslu nýliða í starfi. Bæklingurinn „Velkomin á Laufásborg“ er lykiltól í þeirri fræðslu, ásamt því að veita handleiðslu frá reyndum kennurum. Lögð er áhersla á að lærdómurinn fari fram í verki og með samræðum á vettvangi.

Við leggjum áherslu á gleði og ábyrgð í starfi. Morgunskilaboð frá leikskólastýru innihalda dagskipulag og hvatningu sem setur jákvæðan tón fyrir daginn. Við leggjum áherslu á að vera liðsheild og bregðast við þar sem þörf krefur – og stundum förum við saman í hópeflisferðir, bæði innanlands og utan. Samkvæmt starfsfólkskönnun skilar þessi nálgun sér í mikilli starfsánægju

Tækifæri

Við höldum áfram á sömu braut með stolti og staðfestu. Við teljum okkur hafa náð þeim markmiðum sem sett voru fyrir síðasta skólaár, og það hefur skilað sér í mikilli ánægju – bæði hjá börnum, fjölskyldum og starfsfólki. Líðan og þroski hvers barns er alltaf í forgangi, og við leggjum okkur fram við að mæta þeim þar sem þau eru stödd á hverjum tíma. Við höfum nú skapað kerfi þar sem hver





einasti foreldri á greiðan aðgang að sínum hópstjóra og þar með traustum, persónulegum tengilið innan skólans. Upplýsingaflæði er gott nú sem áður – en við ætlum að gera enn betur. Til að tryggja að allir foreldrar fái val síðasta mánaðar sent í upphafi hvers nýs mánaðar ætluðum við að setja upp einfalt yfirlitseyðublað í kaffistofu starfsfólks þar sem hópstjórar haka við þegar þeir hafa sent valið.

Til að bæta enn frekar aðgengi foreldra að hagnýtum upplýsingum ætlum við að:

- Gera bæklinginn „Velkomin á Laufásborg“ aðgengilegan á heimasíðu skólans
- Afhenda öllum foreldrum eintak, ekki aðeins nýjum

5 Umbótaáætlun 2024-2025

Deild/aldur barna

Yngri stúlnakjarni





Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Efla hegðunarkennsluna með því að skerpa á rammanum. Röð, regla og rútína skipta höfuðmáli þegar skapa á ró og festu í leikskóladeginum. Starfsfólk kjarnans þarf að stilla saman strengi sína.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Eftirfylgni reglna, eykur ró og öryggi barna. HV-spurningar í lágmarki, gerist sjálfkrafa ef ramminn er skýr og einfaldur. Skerpa á smáu atriðunum, þau eru stóru atriðin.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Nákvæmni er leið til árangurs, röð, regla og rútína. Skerpa á rammanum. Fækka gráu svæðunum eins mikið og mögulegt er og að starfsfólk eigi sinn fasta stað á skiptitíma. Hópstýrur kalli saman einn hóp í einu. Alltaf að rifja upp og minna sig á í hverju góð nemendastjórnun felst. Við teljum að skýr dagskrá og rútína styðji við vellíðan og öryggi barna, sem er forsenda fyrir skapandi leik og félagslegri þátttöku, í anda menntastefnu borgarinnar (fylgiskjal 2 - Agi á Laufásborg).
Ábyrgð	Allt starfsfólk kjarnans og leikskólastýra skólans
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2025-2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Staðan er tekin á hverjum degi, í gegnum daginn. Starfsfólk þarf að spyrja sig hvort ramminn haldi sér, hvort það sé röð, regla og rútína, hvort það sé nákvæmni í starfi og hvort það hafi tekist að útrýma "HV-spurningum". Það þurfa alltaf að vera fjórir hópstjórar til að skipulagið gangi upp. Geta stúlkanna eykst eftir því sem líður á skólaárið og áherslur kjarnans þurfa að breytast í takt við það. Starfsfólk þarf því að vera vakandi fyrir því hvenær hægt er að skerpa meira á rammanum og gera kröfur til stúlkanna í samræmi við þroska þeirra og getu.

Deild/aldur barna	Yngri drengjakjarni
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Síðustu skólaár hefur verið unnið jafnt og þétt á því á Yngri drengjakjarna að finna leiðir til að skerpa á rammanum, fylgja dagskránni og fækka gráu svæðunum.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að viðhalda núverandi árangri - halda í þá röð, reglu og rútínu sem kjarnafólkið hefur fundið að virkar best fyrir drengina
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Það er nákvæmnin sem skilar mestum árangri. Að hlutverk hvernar hópstýru / hvers hópstjóra sé skýrt og að það sé rammi, röð, regla og rútína. Alltaf að rifja upp og minna sig á í hverju góð nemendastjórnun felst (fylgiskjal 2 - Agi á Laufásborg).
Ábyrgð	Starfsfólk Yngri drengjakjarna og leikskólastýra
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2025-2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Starfsfólk kjarnans metur dag frá degi hvort ramminn haldi sér og að drengirnir séu í jafnvægi, vellíðan og að taka





(t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	framförum. Geta drengjanna eykst eftir því sem líður á skólaárið og áherslur kjarnans breytast í takt við það. Starfsfólk þarf því að vera vakandi fyrir því hvenær hægt er að skerpa meira á rammanum og gera kröfur á drengina í samræmi við þroska þeirra og getu.
---	---

Deild/aldur barna	Eldri stúlnakjarni
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skerpa á uppbotarvinnunni með stúlkunum
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að styrkja stúlkurnar andlega og líkamlega, efla kjarkinn þeirra og trú þeirra á eigin getu
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fara í kjark- og kraftæfingar með stúlkunum og grípa öll tækifæri í deginum til að styrkja þær. Alltaf gott að rifja upp og minna sig á í hverju góð nemendastjórnun felst (fylgiskjal 2 - Agi á Laufásborg).
Ábyrgð	Allt starfsfólk kjarnans og leikskólastýra
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2025-2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Viðmiðið er gleðin í stúlnahópnum, hvort stúlkurnar séu keikar, kátar og upplitsdjarfar

Deild/aldur barna	Eldri drengjakjarni
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skapa festu og ró í dagskránni með röð, reglu og rútínu
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Viðhalda núverandi árangri
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Halda í röð, reglu og rútínu, alltaf gott að rifja upp og minna sig á í hverju góð nemendastjórnun felst (fylgiskjal 2 - Agi á Laufásborg).
Ábyrgð	Starfsfólk kjarnans
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2025-2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Starfsfólk kjarnans metur dag frá degi hvort ramminn haldi sér og hvort það sé ró og festa í leikskóladeginum



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Á Laufásborg eru starfsþróunarsamtöl hluti af daglegri menningu – þau eiga sér stað þegar þörf krefur, frekar en eftir stífri áætlun. Við lítum á samtalið sem lifandi verkfæri í sameiginlegu lærdómsferli starfsfólks. Í starfsmannahópnum er mikil þekking og reynsla – meðalaldur er hár og starfsfólksvelta lítil. Við gætum þess að á hverjum kjarna starfi fólk sem þekkir vel til menningar og vinnubragða leikskólans og getur miðlað til nýliða. Símenntun okkar samanstendur af fræðslu, hópefli og sjálfstyrkingu. Við leggjum áherslu á að starfsfólk sé upplýst, nærandi og innblásið – bæði faglega og persónulega. ([fylgiskjal 10 - Símenntunaráætlun Laufásborgar](#)), ([fylgiskjal 19 - Kaupmannahöfn - Laufásborg](#)).

7 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva stutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.

Í gegnum tíðina hafa útskriftar börn Laufásborgar farið í hina ýmsu grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Aðsókn á Laufásborg er úr öllum hverfum borgarinnar og því má segja að skólinn sé ekki “hefðbundinn” hverfisleikskóli í þeim skilningi. Við hvetjum fjölskyldur til að fara í skólaheimsókn í verðandi grunnskóla barnsins síns og fjölskyldur útskriftarbarnanna okkar hafa því sjálfar séð um að heimsækja sína hverfisskóla með sínum börnum.

8 Foreldrasamvinna

Við erum einstaklega lánsöm og þakklát fyrir það **öfluga foreldrasamstarf** sem skólinn býr að. Tveir stórir viðburðir fyrir börn Laufásborgar á vegum foreldra voru haldnir á skólaárinu, annars vegar jólamarkaður í desember á vegum foreldrafélags Skákfélags Laufásborgar, “Hrókur alls fagnaðar”, og hins vegar sumarhátíðin á vegum foreldrafélags Laufásborgar. Foreldrar, núverandi og fyrrum foreldrar, bjóða barnahópnum á Laufásborg á hina ýmsu listviðburði. Elstu börnunum var meðal annars boðið á kvikmyndahátíðina UNG RIFF í Norræna húsinu. Við erum í samstarfi við Listasafn Íslands í gegnum foreldri í skólanum og hefur elstu börnum skólans verið boðið á sýningar hjá Listasafni Íslands og Safnahúsinu til að læra myndlæsi. Í skólanum er boðið upp á frönskukennslu fyrir útskriftarhópinn en það eru tveir foreldrar á Laufásborg sem sjá um kennsluna. Við erum vinaskóli Sinfóníuhljómsveitar Íslands og okkur er boðið á æfingar.

Skákfélag Laufásborgar ([Linkur á fésbókarsíðu Skákfélagsins](#)) er sjálfstætt starfandi félag innan Laufásborgar og í félaginu eru núverandi og fyrrum nemendur Laufásborgar. Foreldrafélag Skákfélags Laufásborgar, “Hrókur alls fagnaðar”, er öflugt foreldrafélag sem hefur staðið fyrir fjáröflun allt síðasta skólaár og héldu meðal annars Kærleikskonert þar sem allt listafólk, foreldrar á Laufásborg, var í sjálfboðastarfi. Í ár fór Skákfélagið í sjötta sinn erlendis á stórmót í skák. Hópurinn var á Evrópumóti í skólaskák (European Schools Chess Championships) í Rúmeníu dagana 29. maí til 8. júní. Foreldri fylgir hverju barni og tekur virkan þátt í



utanumhaldi og skipulagi í kringum börnin á mótinu ([fylgiskjal 11 - Búa sig undir EM í skólaskák](#)) ([fylgiskjal 12 - Reykjavíkurskák mót og skákbörnin opna mótið](#)).

Í ár fór hópur útskriftarbarna Laufásborgar í nafni Kvæðabarnafélags Laufásborgar með foreldrum sínum á Þjóðlagahátíð á Siglufirði ([fylgiskjal 14 - Þjóðlagahátíð á Siglufirði](#)). Hátíðin hefur verið haldin síðustu 25 ár og þetta er í fyrsta sinn sem skólinn tekur þátt en tveir kennarar frá Laufásborg munu halda tveggja daga námskeið um kveðskap fyrir börn og kenna börnum að kveða. Útskriftarbörnin okkar munu fara á námskeiðið og vera virkir þátttakendur. Að námskeiðinu loknu munu börnin fara á tónleika. Það er okkur mikill heiður að fá að taka þátt í hátíðinni í ljósi þess að við höfum verið að kveða frá árinu 2008 og að því er við best vitum eini skólinn á landinu, af leik- og grunnskólum landsins, sem kennir börnum markvisst að kveða. Hátíðin ber yfirskriftina “Fljúga hvítu fiðrildin” ([fylgiskjal 13 - Viðtal við kennara á Laufásborg vegna Þjóðlagahátíðar](#)).

Fjölskyldukönnun Laufásborgar kom afar vel út í ár. Laufásborg fékk fullt hús stiga hjá foreldrum þegar kom að því að gefa skólanum GÆÐAEINKUNN, eða 9,8 af 10 mögulegum. Allir þeir foreldrar sem svöruðu könnuninni sögðust myndu mæla með skólanum við vini og fjölskyldu. Við erum mjög þakklát fyrir auðsýnt traust fjölskyldna á Laufásborg ([fylgiskjal 15 - ljósmyndir frá Sumarhátíð Laufásborgar](#)).





9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skóladagatal Laufásborgar 2025 - 2026

Fylgiskjöl

1. [Jafnræði og hópakerfi](#)
2. [Agi laufásborg \(1\).pdf](#)
3. [Starfsfólkskönnun Laufásborgar fyrir skólaárið 2024-2025](#)
4. [Fjölskyldukönnun Hj.st. 2025 - Laufásborg](#)
5. [Viðhengi við Greinargerð.docx](#)
6. [Skólaárið í máli og myndum 2024-2025 ♥](#)
7. [Heimsókn forseta Íslands á Laufásborg](#)
8. [laufasborg velkomin í leikskólann prenta \(1\).pdf](#)
9. [Skrá þakklæti og umbætur.](#)
10. [símennntunaráætlun Laufásborgar 2024-2025.docx](#)
11. [Búa sig undir EM í skólaskák. Grein á Vísi.is](#)
12. [Reykjavíkurskáknot og skákbörnin opna mótið](#)
13. [Viðtal við kennara á Laufásborg vegna Þjóðlagahátíðar](#)
14. [Þjóðlagahátíðin á Siglufirði.docx](#)
15. [Sumarhátíð, ljósmyndir úr myndakassa í boði foreldrafélagsins.](#)
16. [Vorferð Laufásborgar 2025 ♥](#)
17. [Viðburðir og ferðir stóra hóps.docx](#)
18. [Upptaka af sameiginlegri söngstund Laufásborgar og Söngskólans í Reykjavík](#)
19. [Kaupmannahöfn, helgarferð hjá Laufásborg.](#)

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025 Laufásborg

Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs vegna skólanámskrá Laufásborgar og annarra áætlana:

Foreldraráð Laufásborgar hefur farið yfir starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2025–2026 og lýsir yfir ánægju og trausti á því starfi sem þar er lýst.

Við teljum áætlunina endurspegla þá faglegu nálgun sem einkennir starfsemi leikskólans, þar sem börnin eru í forgrunni og samskipti við foreldra eru regluleg, persónuleg og markviss. Við fögnum sérstaklega skýrum umbótamarkmiðum, vandaðri lýsingu á innra mati og gagnsæi í upplýsingagjöf. Þá er einnig ánægjulegt að sjá hvernig lýðræði, jafnræði og félagsfærni eru samþætt daglegu starfi – í samræmi við Menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Foreldraráð leggur áherslu á að áfram verði hlúð að virku samtali við foreldra og viðhaldið þeirri hlýju, metnaði og festu sem einkennir leikskólann.

Við gerum engar athugasemdir við áætlunina og styðjum hana heilshugar.

F.h. foreldraráðs Laufásborgar,
Árni Grétar Finnsson 07.07.2025





Foreldraráð leikskólans skipa

Árni Grétar Finnsson

Kristín Bergsdóttir

Kristín Manúelsdóttir

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Nei

Fulltrúar í foreldraráði:

Árni Grétar Finnsson

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Árni Grétar Finnsson, 07.07.2025



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtöku skóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



